

Sigmar Arnar Steingrímsson  
Skipulagsstofnun  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 28. ágúst 2008  
Tilvísun: UST20080700099/ksj

### Bygging alifuglabús á Sandi í Ölfusi

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, er barst með tölvupósti þann 20. ágúst sl. þar sem óskað er eftir frekari umsögn Umhverfisstofnunar um ofangreinda framkvæmd í ljósi svara Línuhönnunar f.h. framkvæmdaraðila í bréfi dags. 20. ágúst 2008. Umsögnin varðar dreifingu skíts á uppgræðslusvæði.

Í svarinu er vísað í innlendar rannsóknir um útskolun áburðar. Einnig er gerð frekari grein fyrir uppgræðslu- og skógræktaráætlun á svæðinu og auk þess er gerð grein fyrir áætlun um dreifingu áburðar. Áætlunin gerir ráð fyrir litlum áburðarskömmtum í byrjun sem verða auknir um leið og gróður tekur við sér og vöxtur eykst.


Það er mat framkvæmdaraðila að með hóflegri áburðargjöf sem tekur mið af viðurkenndum áburðaráætlunum þá verði áhrif hugsanlegrar útskolunar á næringarefnum í vatnsmikinn Ölfusstrauminn lágmörkuð. Framkvæmdaraðili leggur þó til að fylgst verði með styrk köfnunarefnis í grunnvatni á svæðinu í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Ef niðurstöður mælinga gefa til kynna að styrkur köfnunarefnis sé nálægt hættumörkum mun framkvæmdaraðili grípa til viðeigandi mótvægisáðgerða í samráði við heilbrigðisyfirvöld.

Í ljósi framangreindra upplýsinga þar sem m.a. kemur fram að farið verði eftir viðurkenndum uppgræðslu og áburðaráætlunum og að styrkur köfnunarefnis í grunnvatni verði vaktaður þannig að unnt sé að grípa til viðeigandi mótvægisáðgerða, telur stofnunin ekki líkur á að framkvæmdin muni valda umtalsverðum umhverfisáhrifum.

Viðingarfyllt

Olafur A. Jónsson

Deildarstjóri

  
Gunnar S. Jónsson

Afrit: Línuhönnun